

-Hestamannafélagið Dreyri-

Akraneskaupsstaður
Stillholti 16-18
Akranesi.
skipulag@akranes.is

Hvalfjarðarsveit, 14. júlí 2017

Efni: Breyting á deiliskipulagi Æðarodda.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Æðarodda var auglýst þann 29. maí s.l. á heimasíðu Akraneskaupsstaðar. Skipulagstillagan var unnin af Nýhönnun á Hvanneyri.

Samkvæmt auglýsingunni er um að ræða breytingu á nýtingarhlutfalli lóðar á Æðarodda 36 og stofnun nýrrar lóðar á Æðarodda 38 fyrir hestagerði og bílastæði. Þá kemur fram að gert er ráð fyrir stækkan á snúningsplani til móts við Æðarodda 36 og breyting á reiðgötu á milli nýrrar lóðar (Æðarodda 38) og húsalengju Æðarodda 41 – 47.

Stjórn Hestamannafélagsins Dreyra hefur farið yfir auglýsta tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana sem slíka.

Hins vegar óskar stjórn félagsins eftir því að Akraneskaupsstaður fari í framkvæmdir á téðu snúningsplani við hlið Æðarodda 33 (á móts við Æðarodda 36) og á nýrri reiðgötu í austurátt við húsalengju 41-47 áður en lóðarhafi á Æðarodda 36 og 38 lokar fyrir reiðstíg og akandi umferð við austurgafl reiðskemmu á Æðarodda 36 vegna hestatengdrar starfsemi sinnar.

Í dag er reiðstígur þarna og því miður einnig akandi umferð, m.a. jeppar með hestakerrur og hestaflutningabílar, sem nota hringakstur um hverfið (á bak við Æðarodda 36) til að geta snúið við vegna vontunar á snúningsplönum í hesthúsagötunum tveimur. Vegna þessara breytinga á skipulagi er því ekki nóg að setja bara snúningsplan við neðri götu (Æðaroddi 33) heldur þarf einnig að gera snúningsplan fyrir bíla með hestakerrur og hestaflutningabíla í efri götu, t.d. á milli lóða á Æðarodda 40 og 41 sem eru óbyggðar. Einig hefur verið vankvæðum bundið hingað til að nota það litla snúningsplan sem þegar er við Æðarodda 33 vegna bíla sem oft er lagt þar. Mikilvægt er að stærð snúningsplana henti þeim stóru farartækjum sem notaðir eru undir hestaflutninga í dag þ.e. hestaflutningabílum og löngum hestaflutningatengivögnum.

Stjórn Dreyra vill áréttu að væntanlegur kostnaður við framkvæmdir vegna breytinga á þessu deiliskipulagi á ekki að skrifast á félagið eða að sá kostnaður dragist af fjárveitingum kaupstaðarins vegna reiðstígagerðar/viðhalds sem þegar hefur verið samþykkt í fjárhagsáætlun Akraneskaupsstaðar.

Virðingarfyllst

f.h stjórnar Hestamannafélagsins Dreyra
Ása Hólmarsdóttir

Ása Hólmarsdóttir